



Hoffellsjökull skriður austan frá Breiðubungu og ísaskilum að Eyjabakkajökli og Goðahnúkum. Frá hájöklinum fer jökullinn af skálarlaga svæði í þröngan daljökul, sem fellur í ísfossi milli Hoffellsnúpa og Gæsaheiðar; 300 m á 4 km leið um 2 km breitt op. Jökulskerið Nýju-Núpar klýfur ísstrauminn, sem rennur síðan aftur saman neðan þess og ber með sér urðarrana að jökuljaðri við Gjátanga. Sunnan þrengslanna breiðir jökullinn úr sér og skriður niður á láglandi. Hann fellur með Hoffellsjöki að austan og leggst upp að Efstafellsnesi og Geitafelli og endar í lóni við jökulsporð í 40 m hæð yfir sjó. Vatn er nú beggja vegna og framan við tunguna. Áður náði jökullinn svo langt fram, að hann klofnaði um Svínafellsfjall, og fékk vesturhlutinn nafnið Svínafellsjökull. Svínafellsjökull lá þá fram í lón, sem nú er að mestu laust frá jöklinum, vestan við Öldutanga, norður úr Svínafellsfjalli. Mesti útbreiðslu náði jökullinn um 1890. Laust fyrir miðja 19. öld hafði austurjaðar jökulsins lagst svo þétt að Hoffellsfjöllum, að hann stíflaði þar gil. Vatn fékk ekki framrás, en safnaðist saman í lón, sem síðan hljóp úr niður á Hoffellssand. Þessi hlaup eyddu þar mjög löndum. Nyrst var Múlavatr, Gjávatr nokkrum framur og Efstafellsvatr syðst. Hlaupin voru árviss, síðla sumars, en urðu stærri þegar jökulstíflan þyknaði og vatnsborð varð að rísa hærra til að þrengja sér undir hana. Undan austurtungu Hoffellsjökuls koma Austurfjót. Haustið 2006, skömmu eftir að ljósmyndin var tekin, hvarf vatn úr Austurfjótum. Allt afrennsli frá Hoffellsjöki hefur síðan farið um skarð norðarlega í Öldutanga yfir í Suðurfjót. Sænsk-íslenski leiðangurinn til Vatnajökuls 1936–1938 fór upp Hoffellsjökul. Með í för var stúdentinn Sigurður Þórarinnsson (1912–1983). – *View to NW over Hoffellsjökull, a SE outlet of the Vatnajökull ice cap. Moraines flanking the mountain Svínafellsfjall (in front) mark maximum extent of the glacier terminus during the Little Ice Age (LIA), ~1890. The western branch (Svínafellsjökull) has since retreated ~4 km, but the eastern branch only a few hundred metres. During the mid-19th century, and a few decades into the 20th, the Hoffellsjökull glacier dammed several canyons along the Hoffellsfjöll mountain range at its eastern margin. The marginal lakes drained annually, late summer; in floods (jökulhlaups) which destroyed large areas of cultivated land, enlarging the alluvial plains. The 1936–1938 Swedish-Icelandic glaciological expedition to Vatnajökull traversed Hoffellsjökull. Sigurður Thorarinnsson (1912–1983) was among the participants.* Texti:/Text. Helgi Björnsson. Photo:/Ljós. Snævarr Guðmundsson, 17. ágúst 2006.



Svínafellsjökull fellur í suðvesturátt frá kalli Örafajökuls, út úr 5 km breiðri nær hringlaga skál sem afmarkast af Hrútsfjallstindum (1870 m) í norðri og ísaskilum á Jökulbaki, Tjaldskarði og Snæbreið en af Hvannadalshnúk (2110 m) og Tindaborg í suðri. Inni í skálinni er ís allt að 150 m þykkur og út úr henni fellur um 1400 m langur og 700 m hárfoss (frá 1380 m niður í 680 m hæð). Neðan fossins grær jökullinn aftur saman og skriður fram 8 km langan dal, víða um 1 km breiðan, en fremst er jaðarinn um 1700 m, milli Hafrafells og Svínafellsheiðar. Undir miðjum dalnum hefur jökullinn grafið sig niður fyrir sjávarmál og er allt að 200 m þykkur. Á daljöklinum neðan við ísfossinn myndast reglubundnar svigður, ein hvert ár; telja má um 50 á nærri 8 km löngum jöklinum sem bendir til þess að jökullinn skríði að meðaltali um 160 m á ári. Svínafellsjökull hefur hopað um 650 til 700 m frá lokum 19. aldar. Suðaustan við skálina í upptökum Svínafellsjökuls er hin virka askja Örafajökuls og á börmum hennar Hvannadalshnúkur, Sveinstindur og Sveinsgnýpur, Hnappar og Rótarfjallshnúkur. Svínafell er upp af bæjarþyrpingunni Svínafelli (t.h.), handan þess sést í Falljökul og Virkisjökul. Undan þeim kom jökulhlaup við gosið 1362. Því gosi lýsti Sigurður Þórarinsson fyrstur ítarlega (1958). Framan Svínafellsjökuls vitna háir jökulgarðar um stöðu hans í lok litlu ísaldar (1890). Þá reis sporðurinn 40–60 m yfir þá skammt innan við Svínafellsheiði. Á sama tíma náðu Skaftafellsjökull (ekki í mynd) og Svínafellsjökull saman framan Hafrafells (t.v.). Svínafellsá rennur frá jöklinum, suður gegnum jökulgarðana. Neðst á myndinni sést Freysnes þar sem nú er Hótel Skaftafell, en skammt að baki er Stóralda, sem Sigurður Þórarinsson (1956) sýndi með gjóskulagarannsóknnum að væri eldri en gosið í Örafajökli 1362. Þegar jöklar voru í hámarki náði Svínafellsjökull langleiðina að Stóröldu. Ummerkin sjást vel innan við ölduna. Nær jökli sýna smærri garðar skrykkjótt hop jökulsins á 20. öld. – *The outlet glaciers Svínafellsjökull (front), Falljökul and Virkisjökull (to the right) all drain ice from the Örafajökull central volcano. Jökulhlaups came down the Falljökull and Virkisjökull valleys during the 1362 Örafajökull eruption. Parallel moraines in the forefield of Svínafellsjökull testify its retreat from the end of the Little Ice Age, close to 1890 AD. Ogives across the glacier reflect annual movement, ~160 m/yr; based on 50 ogives along the ~8 km long glacier.* Texti:/Text. Helgi Björnsson. Photo:/Ljós. Snævarr Guðmundsson, 17. ágúst 2006.